

ritstjóri blaðsins nú og fær blaðið þar góðan og glöggann starfsmann, djarfann og einarðann. Og vonum vér að þeir sem áður hafa veitt oss lið á ýmsan hátt verði honum hjálplegir á sama hátt.

Ekki vitum vér hvert til þess er ætlast að vér höfum langar kveðjur. Því tekur naumast. En þakka viljum vér öllum nær og fjær er stutt hafa að útbreyðslu blaðsins á fyrri árum, og hinum fyrri hluthöfum og samverka mönnum samvinnuna er ávalt var hin bezta.

R.P.

Einsog frá hefir verið skýrt hér að framan hafa hinir fyrri eigendur og útgefendur "Heimis" látið hann af hendi við hið Íslenzka Únítarískra Kyrkjufélag í Vesturheimi. Blaðið byrjar þá þennan sjötta árgang sinn undir nýrri stjórn, en þó aðeins að nokkru leiti, því einsog kunnugt er, tilheyra margir hinna fyrri eigenda félagi því, sem við hefir tekið. Það hefir einnig verið minst á orsakirnar til þessarar breytingar og er því óþarfst að minnast nokkuð frekar á þær hér.

"Heimir" hefir frá fyrstu verið málgagn hins únítarískra flokks hér á meðal Íslendinga. Það hefir verið leitast við að láta hann ná þeim tilgangi eins vel og föng hafa verið á. En jafnframt því hefir hann flutt skáldskap í bundnu og óbundnu máli, og ritgerðir bókmentalegs eðlis, ásamt fleiru er ekki hefir beinlínis komið neinum trúmálum við. Eða, í öðrum orðum, það hefir verið kostað kapps um að láta hann hafa víðtækara starfsvið en venjulegt er með trúmálarit.

Eðlilega verður "Heimir" eftirleiðis fyrst og fremst málgagn hinnar únítarísku hréifingar. En hin núverandi ritstjórn vonar, að hann þurfi ekki að verða það á þróngan og einstrengingslegan hátt á meðan hann er í hennar höndum. Einsog allir vita, sem þá hreyfingu þekkja, er þróngsýni af hvaða tagi sem er henni ósamboðið, og málögöng hennar hljóta að hafa víðtækt starfsvið. Jafnframt því sem Heimir verður málgagn únítarísku hreyfingarinnar, mun verða leitast við af fremstu